




Nr.: GAT-044	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 03		
Dags.: 12.04.2016	<b>VGRV1RS05 - Kassinn</b>	
Höfundur: BEN		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 2		

Til að gera kassann sjálfann tilbúinn til að hægt sé að setja búnað í hann eru nokkur atriði sem þarf að klára.



1. Það þarf að þússa allar brúnir og snara úr öllum götum. Þið finnið að allar brúnir eru hrjúfar eftir skurðinn en kassinn var skorinn út með vatni og sandi. Til að þússa brúnir er notaður sandpappír en úrsnari er notaður til að laga götin. Stærsti úrsnari passar í stóru götin en sá næst minnsti í þau minni. Einnig má nota fína þjöl. Muna að þússa líka brúnirnar á lokinu.



2. Því næst þarf að koma fyrir tveim vinklum í botni kassans en þeir eru notaðir til að festa lokið. Búið er að saga vinklana í lengd en það þarf aðeins að snyrta á þeim endana áður en þeim er komið fyrir. Fyrst þarf að staðsetja vinklana, annann í einu, í miðju, slétt við brún og halda honum föstum með þvingu. Síðan er merkt fyrir götunum og þeir síðan teknir úr og boraðir með 3,2mm bor.




Gott er að merkja þá 1 og 2 svo þið vitið örugglega hvor var hvoru megin.

Vinklarnir eru síðan hnoðaðir fastir með draghnoðum, 2 hvoru megin.

3. Núna er komið að því að koma fyrir plast stífum á milli framhliðar og bakhliðar. Það þarf að snara úr götunum sem skrúfurnar fara í. Gætið þess að snara ekki of mikið úr þeim. Stífurnar eru síðan staðsettar við ytri brún og skrúfurnar skrúfaðar í, ekki þarf að bora fyrir þeim, plastið er mjúkt.



Nr.: GAT-044	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 03		
Dags.: 12.04.2016		
Höfundur: BEN	<b>VGRV1RS05 - Kassinn</b>	
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 2		

4. Að lokum þarf að bora og snitta fyrir skrúfunum sem festa lokið.

Það eru 4 mm snittaðar skrúfur með undirsinkuðum haus.

Lokinu er komið fyrir á kassanum þannig að það standi 2mm afturfyrir bakhliðina.

Síðan er merkt í götin með tússpenna, lokið tekið af og borað í vinklana með 3,5mm bor, alls ekki stærri. Síðan er farið með snitt-tappa í götin til að búa til gengjur fyrir skrúfurnar.

Síðan þarf að snara úr fyrir hausunum á þeim þannig að þær falli inn í lokið.

